



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit

# STARFSLEYFI

fyrir bifreiðasprautun og bifreiðaréttingar (Bílaréttingar H. Jónssonar).

Nafn leyfishafa: H. Jónsson ehf.

Heimilisfang: Smiðshöfði 14

Póstnr. 110

Kennitala: 660603-3360

**Útgáfudagur leyfis: 5. maí 2020**

**Gildir til. 5. maí 2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfis-skilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfis-skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdum starfsleyfis-skilyrðum fyrir bifreiðasprautun og samræmdum starfsleyfis-skilyrðum fyrir bifreiðaréttingar og skylda starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. maí 2020





## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

# H. Jónsson ehf.

kt. 660603-3360

**Smiðshöfða 14, 110 R.**

**vegna bifreiðasprautunar og bifreiðaréttinga í starfstöð fyrirtækisins að Smiðshöfða 14, 110 R.**

## 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur barst þann 31.3.2020 umsókn H. Jónssonar ehf. kt. 660603-3360, um starfsleyfi fyrir bifreiðasprautun og réttingar (Bílaréttingar H. Jónssonar) að Smiðshöfða 14.

Um er að ræða umsókn vegna eigendaskipta og var móttaka umsóknar auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), [www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur), þann 1.4.2020. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu um starfsleyfi með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bifreiðasprautun og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir réttingaverkstæði og skylda starfsemi.

## 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um er að ræða umsókn um starfsleyfi vegna eigendaskipta, starfsemin var með gilt starfsleyfi og engar breytingar eru að verða á starfseminni var ekki talin þörf á að leita umsangar skipulag- og byggingafulltrúa.

## Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar/umhverfis- og heilbrigðisráðs að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir bifreiðasprautun og réttingar á vegum H. Jónsson ehf (Bílaréttingar H. Jónssonar) á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 1.4.2020 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 29.4.2020.

## 3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma



Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **4. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **5. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis** (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur (umhverfis- og heilbrigðisráðs) ef lagt fyrir nefndina.

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn H. Jónssonar ehf. tekin fyrir á 1444. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 5. maí 2020 og samþykkt að gefa úr starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára.

#### **6. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 5.5.2020

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Árný Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri



## Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

### 1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn





mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
  - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR réttingaverkstæði og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur réttingaverkstæða, breytingaverkstæða, púst- og hemlaverkstæða, rúðuverkstæða, verkstæðisaðstöðu rekstraraðila og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

## 2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Óheimilt er að hafa í óhirðu á lóð lausamuni s.s. bílhræ, málmúrgang, ónýttar bílrúður og annan úrgang þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysaþættu	737/2003	
2.3	Gámum og ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal gildru á fráveitulögn frá þeim rýmum þar sem hætta er á fyllingar- og spartlryki, olíuleysar og að önnur hættuleg efni berist í fráveituvatn, verði því við komið. Ef fráveita frá verkstæði er ekki tengd við fráveitu sveitarfélags skal hún ávallt tengd samþykktri olúgildru.	798/1999 5. gr.	
3.3	Ef olúgildra er á fráveitulögn skal hafa með henni reglubundið eftirlit og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1998 5. gr.	
3.4	Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápuefni og/eða olúhreinsa.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Hafa skal punktsog eða annan sogbúnað til að fanga ryk frá slípivinnu.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999	
3.7	Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999	

### 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	sbr. gr. 3.5 fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

### 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Ópressaðar olíusúrur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olíusúrum má skila með öðrum málmúrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.2	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5.3	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999	
5.4	Flokkja skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737/2003	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðasprautun

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná til verkstæða í bifreiðasprautun.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

## 2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.3	Bifreiðum, sem bíða sprautunar, skal snyrtilega komið fyrir á umrúðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

### 3. MENGUNARVARNIR Í FRÁVEITU

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal gildru á fráveitulögn frá þeim rýmum þar sem hætta er á að sparttryk, olíuleysar og önnur hættuleg efni berist í fráveituvatn verði því við komið. Ef fráveita frá verkstæði er ekki tengd við fráveitu sveitarfélags skal hún ávallt tengdi samþykktari olíugildru.	798/1999 5. gr.	
3.3	Ef olíugildra er á fráveitulögn skal hafa með henni reglubundið eftirlit og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1998 5. gr.	
3.4	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1998 5. gr.	

### 4. MENGUNARVARNIR Í ÚTBLÆSTRI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
4.2	Útblástursloft frá sprautuáðstöðu skal leiða í gegnum lakksúr áður en það er leitt út úr húsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
4.3	Hafa skal góða loftræstingu þar sem unnið er með lakk og þynni t.d. við lakkbar. Hindra ber óþarfa uppgufun á þynni og öðrum lífrænum leysiefnum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
4.4	Nota skal lokaðan þvottabúnað með þvottaþynni fyrir sprautubyssur og annan búnað.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
4.5	Þungamálmar og leysiefni í bifreiðalakki eru spilliefni og hættuleg í umhverfi. Leitast skal við lágmarka notkun efna sem innihalda þungamálma og leysiefni.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	

## 5. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

Rgl.nr. Uppfyllt

5.1	Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
-----	--	----------	--

## 6. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

Rgl.nr. Uppfyllt

6.1	Lakk- og þynnisleifar eru spilliefni og ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
6.2	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareftirlit, reglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
6.3	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð 787/1999 um loftgæði og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.